

Nr. 34

31. desember 1997

AUGLÝSING

um samninga við Litháen um afnám vegabréfsáritana og um endurviðtöku.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Vilnius 4. apríl 1997 var gengið frá samningi milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Litháens um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvol. Sama dag var undirritaður í Reykjavík samningur milli sömu aðila um endurviðtöku manna sem koma til lands og taka sér þar búsetu án heimildar. Samningarnir öðluðust gildi 24. apríl 1997.

Samningarnir liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1997.

Halldór Ásgrimsson.

Helgi Ágústsson.